

# ur og umdeildur“

Tíma einn umtalaðasti listamaður þjóðarinnar. Bóhemndir í afar persónulegum stíl sem ofbuðu mörgum en þar opnuð í Hafnarhúsinu fyrsta yfirlitssýning á verkum upp um langt skeið. Skáldið Sjón er sýningarstjóri.

voru öllum gleymdar eftir módernismann. Það er svo fallegt við Flóka að hann fer aftur fyrir módernismann og „avant gard“-ismann og leitar að innblæstri þar, hjá symbolistunum og fleirum.“

– Hvað var það sem dró þig upphaflega að Alfreð Flóka?

Sjón hugsar sig um og horfir á myndirnar fyrir framan okkur. Á einni er demón með andlit listamannsins í samförum við konu. „Það er þessi hættulegi, myrki heimur, og eróftin sem heillar unglínginn,“ segir hann síðan. „Þegar ég kynntist manningnum áttaði ég mig síðan á því hvað það var mikið á bak við þetta. Skilgreindur táknaheimur. Það er engin tilviljun hvað ratar á myndflötinn. Alltaf er verið að segja sögur, það er verið að kveikja á einhverjum stöðvum í undirvitund áhorfandans, sem eingöngu færustu galdramenn hafa lyklna að. Það heillaði náttúrulega. Síðan var maðurinn einstaklega hlýr og skemmtilegur.“

Hann hafði þennan unglíng hangandi yfir sér en sýndi mér alltaf mikla þolinmæði og virðingu.“



Sjón

**Það er engin tilviljun hvað ratar á myndflötinn. Alltaf er verið að segja sögur, það er verið að kveikja á einhverjum stöðvum í undirvitund áhorfandans, sem eingöngu færustu galdramenn hafa lyklna að. Það heillaði náttúrulega. Síðan var maðurinn óhemju hlýr og skemmtilegur.**

Þegar Sjón er spurður um vinnubrögð Alfreðs Flóka, hvort hann hafi verið sívinnandi eða áhlaupsmaður í listinni, segir hann Flóka alltaf hafa verið að teikna.

„Síðan undirbjó hann sérur og stærri viðfangsefni á lengri tíma. Ég sé það núna í vinnubókum hans, að hann planleggur myndir á svipadán hátt og ég undirbyr mig í dag þegar ég er að skrifa sögur. Hann skissar upp senur, myndrænt, en planar líka frásögnina í myndunum.“

Hann vinnur mjög bókmenntalega. Enda var Flóki afskaplega vel lesinn, og hafsjór af sögum.“

## Demónar og einhverjar nætursögur

Ég skoða myndirnar á meðan Sjón og starfsmenn safnsins færa myndir á milli veggja, spyr síðan hvort þeim sé raðað upp þematískt.

„Að vissu leyti, þannig að fólk skynji tímabilin í list hans. Hér eru gleðihúsið og kynferðisleg átök,“ Sjón bendir að rauðum vegg í öðrum endanum, „og þarna eru demónarnir.“ Hann bendir á svarta vegginn hinumegin í salnum. „Þarna eru svo safn af nætursögum ...“

Sjón er aftur kominn á ferðina með innrammaðar myndir í höndunum; þeir hafa svo margar myndir að hann er farinn að gera sér grein fyrir því að þær fara aldrei allar upp á veggi.

## Óttablandin virðing fyrir konunni

Við flettum gegnum röð ónnrammaðra sjálfsmýnda sem Sjón segir Alfreð Flóka hafa gert á fyrstu árum ferilsins, er hann var nemandi við akademíu í Kaupmannahöfn.

„Á þessari er hann góða barnið,“ hann fletir, „það er dekkra yfir hér, „Með hálsbólgu!“ stendur á þessari, hér er skissa fyrir tréristu, og „Kvef í apríl,“ stendur á þessari.“ Sjón fer rólega gegn-

um verkin og veltir þeim fyrir sér. „Svo koma hér aðrar sem eru meiri karikatúr og bóhemískar. Hér er líka sjálfsmýnd með geislabaug og sigarettu,“ hann lyftir henni upp, „og fullt af myndum sem hafa ekki sést, og næst ekki að sýna allar núna.“

– Hvar er Flóki í listsögulegu samhengi?

„Hér á landi er enginn a svipuðum slóðum og hann. Kjarval sótti mikið í symbolisma og Einar Jónsson að sjálfsgöðu, en þeir eru ekki mikið fleiri sem voru sífellt að líta á heiminn bak við heiminn og vinna með tákngevingu mannlegrar tilveru. Átökin milli andans og efnisins. Hina huldu veröld ...“

Síðar hafa farið að koma fram yngri listamenn. Tarotseriur Gabrielu Friðriksdóttur koma upp í hugann, Þórdís Aðalsteinsdóttir vinnur með fólk og dýr, andlegt ástand er táknad með líkamlegri útrás; margar af þessum ungu listakönnum eru að vinna með einhverskonar súrrealisma.

Ég held að Flóki hefði ekki átt í erfiðleikum með að koma fram í dag. Á sínum tíma átti hann erfitt innan myndlistarheimsins, á meðan hann átti stóran vinahóp af skáldum og rithöfundum og fann mikinn samhljóm þar, enda er hann bókmenntalegt myndskáld.

En því var haldið gegn honum. Þegar abstraktið var hvað harðast þá mátti ekki vera frásögn í myndlist, ekkert þótti hallærislegra.

Flóki tileinkar sér aðferðir hinna stóru gömlu myndskreyta, Dürer, Doré og fleiri, og notar tæknina á mjög persónulegan hátt.“

Þegar Sjón er spurður um táknið í list Flóka, talar hann um það hvernig konan birtist í verkunum bæði sem Eva, hin hreina mey, og hættulegur demón. „Hér er líka óttablandin virðing borin fyrir konunni sem fyrirbrigði. Það er eitt-hvað sem hann sækir líka til súrrealista, sem litu á konuna sem dyrnar að hinu óþekktu.“

Síðan er allt fullt af dulspökulegum táknum, ritúðum og tilvísunum sem innviðir þekkingu. Sjón hlær hlátri manns sem hefur lyklna að þeim skráum en hyggst ekki ljúka upp.

„Allir hafa demónarnir nöfn, og ákveðið hlutverk,“ bætir hann síðan við.

## Kom til að hneykslast

Sýningin í Hafnarhúsinu stendur til 10. maí og henni tengjast margar viðburðir á sýningartímanum, með þáttöku Sjóns og ýmissa kunnra lista- og fræðimanna sem tengdust Alfreð Flóka. Meðal viðburðanna eru umræður um íslenskan symbolisma, greining á hugtaki súrrealisma og ljóðalestur.

„Hugmyndin er að gefa fólk tækifæri til að kynna bakgrunninn, hugmyndakerfum sem Flóki sótti til, svo sem symbolisma, súrrealisma og dulspöki,“ segir Sjón.

„Svo er líka mikill húmor í þessum myndum. Listamaðurinn glottir við tönn þegar hann er að teikna upp einhverja karlvesalinga sem eru í klónum á sterkum konum, konur sem þykjast heilagari en þær eru og annað slíkt.“

Alfreð Flóki var teiknari og allt vopnasafn teiknarans var honum tiltækt, þar á meðal karikatúrinn. Í mynd sem er uppfyll af dulspökilegri alvöru eða galsafenginni eróftik finnuruð einnig sprengihægileg augnablík. Því maðurinn er alltaf að burðast með sjálfan sig, bók sinn, á sama tíma og hann þykist andleg vera.“

– Svo spilar hann á tabúin; það forboðna.

„Já já. Á sínum tíma kom fólk unnvörpum á sýningar hans til að hneykslast. Til að sjá reista getnaðarlími og fólk við lostafullt athæfi. Myndefni sem fólk hafði ekki við fingurgómuna þá eins og í dag.“

Sjón horfir yfir salinn og segir að þetta sé heimur Flóka, þessi furðulegi heimur sé hans.

„Hér á sýningunni sést vel hvernig hann tekur jafnt og þétt breytingum, alla sína listamannstíð. Viðfangsefni eru hliðstæð og hann er að vinna úr sömu stefjum alla sína ævi, en aðferðin er alltaf að breytast og alltaf er verið að prófa eitthvað nýtt. Í einu yngsta verkinu er hann að vinna út frá Stúlunni í turninum eftir Jónas Hallgrímsson. Elsta myndin hér er hinsvegar Djákninn á Myrká. Segir það okkur eitthvað?“ spyr Sjón og það er óljóst hvort hann viti svarið frekar en ég.



Morgunblaðið/Ólafur K. Magnússon

## Ákveð að búa til meistaraverk

Yrkisefnin eru nú sem fyrr umbreyttar bernskuminningar, skrytnar fjölskyldur í skuggalegum herbergjum, skúmaskot og nidurrifin veggfóður, fólk að gera eitthvað óþent-hæft.“ Alfreð Flóki talar við blaðamann, það er ágúst árið 1985, og hann er að opna sýningu sem reyndist hans síðasta. Viðtalið birtist þá í Morgunblaðinu.

Næst spyr blaðamaður um þá skoðun sumra, að Flóki sé alltaf að sýna svipaðar myndir. „Ég er alveg ósammála. Þyrfti að halda yfirlitssýningu til að fólk sæi að ég er fjölbreyttasti myndlistarmaður norðan Alpafjalla. En af tvennu illu held ég að það sé betra að endurtaka sjálfan sig en að endurtaka aðra eins og margir aðrir myndlistarmenn.“

Löngu fyrr, árið 1968, var Flóki einnig í viðtali hér.

„Ég held ég megi segja að ég hafi verið með kvenfólk á heilanum síðan ég var 6 ára gamall. Það má líka sjá svo andskoti margt í gegnum kvenskrokki. Nú, kannski er það vegna þess að konan er þægilegasta handbendi andskotans. Að minnsta kosti voru vinir mínir kirkjuféðurnir á þeirri línu.“

– Teiknar þú ákveðna hugmynd eða eftir innblæstri?

„Ég hef svoltíð frumstæða aðferð til að búa til mynd. Ég sest niður í stólinn minn og ákveð að búa til meistaraverk.“

Ljósmyndina tók Ólafur K. Magnússon af Alfreð Flóka í Bogasalnum.

## Flóki var ólíkindatól

„Flóki var ólíkindatól. Hann var svo mikið að leika á fólk,“ segir Birna Þórdardóttir. „Undir niðri var ljúfur og góður drengur sem langaði stundum að líta út sem demón. Þessi gríma gat komið sér ágætlega fyrir hann, hann gat þá verið sig með henni, en það gat líka orðið svoltíð hlálegt, fannst mér.“

Já, Flóki var yndislegur maður. Hann var mjög gefandi; fyrir utan þessa grímu átti hann til mikla blíðu og tillitssmi en þegar hamurinn var kominn yfir gat holdrosinn snúið út og allt varð öfugsniúð.“

## Sögur í hundradavís

Alfreð Flóki var einn af barnfóstrum Helga Hjörvars alþingismanns í Kaupmannahöfn, en þeir Úlfur faðir Helga voru vinir. „Einu sinni fóru þabbi og mamma í ferð til Póllands og ég var skilinn eftir hjá Flóka. Þegar þau komu heim var sagt að á öllum búllunum á leiðinni frá dagmómmunni og heim til Flóka hefðu menn þekkt fimm ára gamlan strákinum með fornafni og vitad hvernig hann vildi fá appelsínúð sitt!“

Flóki var óskaplega barngóður. Hann var líka mikill sögumaður, kunnur sögur af listamönnum og skáksnillingum í hundradavís, og ég held að betur lesinn mann hafi ég sjáldan hitt,“ segir Helgi.

## Holdtekja anda rómantikurinnar

Jónas Sen píanóleikari var 18 ára þegar hann kynntist Alfreð Flóka.

„Alfreð Flóki var með greindari mönnum

sem ég hef kynnt. Hann var fróður og vel lesinn, og hafði einstaklega skemmtilega frásagnargáfu.“

Fyrir mér var hann holdtekja anda rómantikurinnar, eins og hún birtist t.d. í tónlist Franz Liszt, þar sem aðalmótífið er hið himneska og hið demóníska og svo er maðurinn á milli. Þessi tvö öfl þerjast um yfirráð yfir sálinni. Flóki glímdi við alkóhólisma en átti líka mjög fallegar hliðar.“

## Feiknalegur teiknari

Knútur Bruun var galleristi Alfreðs Flóka.

„Hann var ótrúlega skemmtilegur,“ segir Knútur. „Ég þekkti hann á þrennan hátt. Þegar ég var ungur var hann skrytinn náungi sem gekk um og teiknaði, elti stelpur og drakk vín; mikið bóhem.“


Svo var hann með finar sýningar í galleríinu mínu og þá kynntist ég honum enn betur. Loks þegar ég kom reglulega til Danmerkur að kaupa málverk, þá kom Alfreð Flóki og stundum þyrfti hann að fá peninga. Hann fékk einhverja upphæð og ég fékk myndir. Þegar ég var síðan búinn að stunda mín viðskipti, og áður en ég bjó mig til heimferðar, þá fór ég gjarnan á búllugang með Alfreð Flóka og það var gríðarlega skemmtilegt.

Flóki virtist hrokafullur, en það var í nösunum á honum. Hann var mikið ljúfmenni.

Flóki var feiknalegur teiknari. Menn geta haft mismunandi skoðanir á myndheiminum, en vinnubrögðin og handverkið var afþræð.“



Birna Þórdardóttir




Knútur Bruun



Jónas Sen



Ólafur K. Magnússon



Alfreð Flóki



Helgi